

## SAMÞYKKT

### um sorphirðu í sveitarfélaginu Árborg.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Sveitarfélagið Árborg, annast sorphirðu í sveitarfélaginu. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé að samþykkt þessari. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar sem sjá um sorphirðu skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti í samræmi við reglugerð nr. 805/1999 um úrgang.

###### 2. gr.

Sorphirða skal framkvæmd undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast sorphirðu á hverjum tíma. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð úrgangs til vinnslu t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts og brotamálma.

###### 3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau sorphilát sem bæjarstjórn ákveður. Sorphgeymslur og söfnunarstöðvar (gámasvæði) skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Lífrænum úrgangi, brotamálmum og öðrum endurvinnanlegum úrgangi, skal komið fyrir í sérmerktum gámum. Spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi má ekki blanda við annan úrgang og skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins. Íbúar, fyrirtæki og stofnanir skulu eftir því sem kostur er á flokka úrgang og skila honum eins og aðstaða er til í sveitarfélaginu eða á vegum hlutaðeigandi byggðasamlags. Sveitarfélagið skal, með markvissri stefnu, stuðla að og hvetja til minnkunar úrgangs og að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum neikvæðum breytingum á umhverfi. Jafnframt skal stuðla að hverskonar endurnotkun, endurnýtingu, endurvinnslu og orkuvinnslu úr úrgangi með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma án óhóflegrar mengunar.

###### 4. gr.

Bæjarstjórn ákveður tíðni sorphreinsunar í samráði við framkvæmdaaðila sorphirðu. Ákvörðun um skipulag, flokkun, staðsetningu og tíðni hreinsunar á söfnunarstöðum skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

###### 5. gr.

Öll förgun úrgangs er starfsleyfis skyld í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þannig er óheimilt að brenna úrgang eða urða nema á stöðum með tilskilin starfsleyfi.

II. KAFLI  
**Sorphirðugjöld.**

6. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

7. gr.

Bæjarstjórn flokkar gjaldendur skv. gjaldskránni, eftir umfangi þjónustu og magni úrgangs, sem frá starfsemi stafar.

III. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**

8. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

9. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem samþykkt hefur verið á fundi heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 26. febrúar 2002, er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld frá sama tíma samþykkt nr. 157/1983 um sorphreinsun á Selfossi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 3. maí 2002.*

F. h. r.  
**Ingimar Sigurðsson**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*